



# Strandabyggð

Umsókn um styrk til umhverfisúrbóta í Strandabyggð  
-verkefni sjálfbóðaliða-

Heiti verkefnis	
Lýsing á verkefninu	
Kostnaðaráætlun	
Samtals:	
<b>Forsvarsmaður</b>	
Nafn	Kennitala
Heimili	Sími
Netfang	Farsími

Ofantaldar upplýsingar þurfa að fylgja umsókn svo hún sé tekin gild:

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

## **Reglur Strandabyggðar um greiðslu kostnaðar við umhverfisúrbætur á vegum sjálfbóðaliða**

### **1. gr.**

Sveitarstjórn ákveður í fjárhagsáætlun hvers árs, framlag til sjálboðavinnuverkefna. Auglýst er eftir umsóknum um framlög til verkefna í maímánuði ár hvert.

### **2. gr.**

Heimilt er að veita framlög til efniskaupa og vélavinnu. Sækja skal um framlag til umhverfisverkefna á eyðublöðum sem eru aðgengileg á vef Strandabyggðar og á skrifstofu sveitarfélagsins og mun sveitarstjórn afgreiða umsóknir. Forsvarismaður verkefnis skal hafa samráð við verkstjóra Áhaldahúss Strandabyggðar um framkvæmd verkefnisins.

### **Skilyrði fyrir framlögum**

### **3. gr.**

Almenn skilyrði fyrir úthlutun framlaga eru:

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Strandabyggð
- Umsækjandi sé ekki í vanskilum við Strandabyggð
- Umsókn fylgi lýsing á verkefni og kostnaðaráætlun

### **4. gr.**

Skilyrði fyrir greiðslum:

- Verkefnið sé unnið í samræmi við umsókn.
- Greiðslur verða aldrei hærrí en framlögð áætlun.
- Greiðslur renna að jafnaði ekki til þess aðila sem að framkvæmdinni stendur heldur til þeirra aðila sem gefa út reikninga vegna vöru-eða þjónustukaupa.
- Reikningar skulu samþykktir af forsvarsmanni verkefnis áður en þeir berast sveitarfélaginu.

**Samþykkt í sveitastjórn Strandabyggðar 31.maí 2016**